



House in New York (1931-34).

House in New York, byggt árið 1934 eftir uppdráttum teiknistofunnar Skidmore, Owings & Merrill, einn fyrsti skýjaklúfurinn í þeirri borg með léttbyggðum útvegg úr gleri. Í báðum tilvikum er gerður skýr greinarmunur á einkennum láréttra og lóðréttra forma. Aðgreiningin er jafnframt táknræn fyrir ólíka þætti í innri starfsemi. Í lágbyggingu hótelsins eru almenningsrými í beinum tengslum við götuna: anddyri, gestamóttaka, veitingasalir, verslanir og skrifstofur. Léttur útveggur hótelturins er með mildum grænum lit með lóðrétum listum úr áli sem hindra það að innri skilveggir hafi sýnileg áhrif á útlit hússins. Litatónn glersins var valinn með tilliti til himinsins og því hvernig skýjafarið speglast í glerinu. SAS hótelið hefur alla tíð notið þess að vera eina nútímalega háhýsið í hjarta miðborgarinnar og hefur því öðlast sess sem einstakur fulltrúi síns tímabils í sjónarvörð Kaupmannahafnar. Annað sérkenni þess er gegnumfærð hönnun innanhúss, þar sem arkitektinn hafði traust tök á hverju smáatriði. Hann hannaði m.a. teppi hótelsins, lampa, gluggatjöld, borðbúnað og hnífapör. Hæst ber þó stólana Svaninn og Eggið, sem báðir voru sérstaklega hannaðir fyrir hótelið. Enn í dag má sjá húsgögn Arne Jacobsen víða í byggingunni og eitt herbergi hótelsins, nr. 606, er varðveitt með öllum upphaflegum búnaði.

Af síðari byggingum Arne Jacobsen má nefna aðalstöðvar Seðlabanka Danmerkur við Holmens Kanal, skammt frá Kristjánborgarhöll í hjarta Kaupmannahafnar. Bankinn var teiknaður í kjölfar lokaðrar samkeppni árið 1961 en var ekki fullbyggður fyrir en nokkrum árum eftir andlát höfundarins árið 1971. Arkitektarnir Hans Dissing og Otto Weitling sáu um lokafrágang byggingarinnar að höfundinum látnum. Utan að sjá er bankinn virki líkastur og stingur óeitanlega í stúf við gömlu húsin umhverfis. Innan dýra opinberast meistaraleg tök höfundarins á mælikvarða, birtu og rými, einkum í flegmynduðum forsalum með tuttugu metra lofthæð, þar sem eina skreytið er fagurlega smíðaður stigi sem hangir neðan úr loftinu við breiðari enda rýmisins.

Áhrif hÉrlendis

Ólíkt samlanda sínum, Jörn Utzon, arkitekt óperuhússins í Sydney, tókst Arne Jacobsen að finna sér traustan starfsvettvang í heimalandi sínu og það þó að ýmsar byggingar hans væru umdeildar á sínum tíma. Flest helstu verk hans er að finna í Danmörku, með örfáum undanþekningum. Ein þeirra er St. Catherines College í útjaðri háskólabæjarins Oxford, byggð á árunum 1960-63. Utan Danmerkur er Arne Jacobsen kunnari sem húsgagnahönnuður en arkitekt enda þótt sköpun hans á þessum sviðum sé nátengd. Hér á landi má greina bein og óbein áhrif frá byggingarlist Arne Jacobsen í verkum margra þeirra arkitekta 6. og 7. áratugarins sem kusu að vinna í anda hins alþjóðlega mórernisma eftirstríosáranna. Á þetta bæði við um heildarmótun bygginga og einstök útfærsluatríði. Því má með nokkrum rétti halda fram að verk hans hafi haft áhrif hér með beinni hætti en raunin var með aðra norræna arkitekta sama tímabils.

Höfundur er arkitekt og deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

OBSEN

Bandaríski miðaldafræðingurinn Margaret Cormack vinnur nú að rannsóknum á dýrlingum á Íslandi frá 1400 til nútímans ásamt alþjóðlegum og þverfaglegum hópi fræðimanna. SINDRI FREYSSON ræddi við Cormack um rannsóknirnar sem miða að því að búa til gagnagrunn þar sem hægt er að fá nákvæmar upplýsingar um staðsetningu, eðli og einkenni dýrkunar á tilteknum dýrlingum.

DÝRLINGAR SÉRSTAKIR Í SÖGU ÍSLANDS

DÝRLINGAR voru kannski mikilvægustu persónur í trúarheimi manna á miðöldum. Þegar maður hugsar um kristni fyrir siðaskipti hugsar maður fyrst og fremst um dýrlinga,“ segir bandaríski fræðimaðurinn dr. Margaret Cormack, prófessor í trúarbragðafræði við Charleston-háskóla í Suður-Karólínu. Hún hlaut doktorsnafnbót sína frá Yale-háskóla árið 1983 fyrir ritgerðina „The Saints in Iceland: Their Veneration from the Conversion to 1400“, sem var gefin út með sama titli árið 1994.

Margaret vinnur nú að framhaldi þessara rannsókna á dýrlingum á Íslandi, eða frá 1400 til nútímans, og fer það starf fram í alþjóðlegri samvinnu. Margaret tilheyrir alþjóðlegum hópi fræðimanna sem kallast TASC eða Transnational Atlas and Database of Saints' Cults. Hópurinn samanstendur af fræðimönnum vítt og breitt um veröldina sem eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á trúarbragðafræði, hagsögu, listasögu, bókmenntasögu, réttarsögu og siðfræði og safnar hver í sínu lagi gögnum um dýrlinga. Standa vonir til að hægt sé að sameina þennan fróðleik í einn alheims-gagnagrunn. Fyrirlestrar sem haldnir voru á fyrsta fundi þessa hóps fyrir þremur árum verða gefnir út í bókformi innan skamms og á seinasta fundi hópsins í Búdapest í október sl. var nánari útfærsla þessa gagnagrunns síðan skeggrædd.

Ísland tilvalið fyrir þessar rannsóknir

Til að sinna þessum rannsóknum hefur Margaret dvalið á Íslandi undanfarin tvö ár og notið styrkja frá RANNÍS. „Ég verð að þakka RANNÍS fyrir stuðning til rannsókna minna hÉrlendis og öllum þeim aðilum öðrum sem hafa stutt við bakið á mér undanfarin tvö ár, Stofnun Árna Magnússonar, Örnefnastofnun Íslands og fleiri aðilum. Ég geri mér vonir um að geta lagt mitt af mörkum til að byggja alþjóðlegan gagnagrunn sem auðveldi myndi samanburð á dýrkun heilagra manna,“ segir Margaret.

„Á um það bil fimm árum væri hægt að safna saman einstökum upplýsingum og tengja allar þessar heimildir rafrænu korti. Þá væri unnt að slá inn nafn ákveðins dýrlings, sjá hvar hann hafi verið dýrkaður og bæta við eftir þörfum.“

Ísland er alveg tilvalið, svo að segja einsdæmi, hvað varðar þessar rannsóknir enda takmarkast svæðið við eina eyju langt úti í Atlantshafi og tiltölulega afmarkað tímabil. Það hentur því einstaklega vel, bæði til að greina á milli hvaðan áhrifin komu, þ.e. hvaða áhrif bárust að utan og hver áttu sér innlendar rætur, og einnig vegna þess að hér eru til svokallaðir máldagar, ítarlegar skrár um kirkjueignir sem hÉrlendis eru varðveittar frá 12. öld og fram yfir siðaskipti. Í máldögum er skráð hvaða dýrlingi umrædd kirkja er helguð, hvaða bækur og líkneski voru í eigu kirkjunnar, gjafir til dýrlingsins og fleira í sama dúr,“ heldur Margaret áfram.

„Það er alveg ljóst að þessar heimildir eru óaðgengilegar þorra fræðimanna sem hafa áhuga á þeim, vegna þess að þær eru skrifaðar á íslensku en ekki latínu. En með því að fella það inn í gagnagrunninn verður það aðgengilegt öllum fræðimönnum og almennings.“



Margaret Cormack

„Dýrlingar eru afar mikilvægur þáttur í íslensku menningarlífi og kirkjusögu fram á 17. og 18. öld. Ísland er reyndar alveg sérstakt hvað varðar afstöðu til dýrlinga eftir siðaskipti en ljóst er að trú á dýrlinga lifði áfram í margvíslegri mynd. Sums staðar hétu íbúar á kirkjur í staðinn fyrir dýrlingana og eru t.d. áheit á Strandarkirkju þekkt dæmi um hvernig áheit að kaþólskum sið héldu áfram eftir siðaskipti. Dýrlingar birtast í kveðskap og einnig eru dæmi þess á 17. öld að líkneskjum sé haldið við í kirkjum. Spurningin er hvort þetta hafi verið svæðisbundið eða almenn þróun, nærri biskupssetrum, sé tímabundið o.s.frv. Gagnagrunnurinn myndi gera okkur kleift að fletta upp og rannsaka atriði sem þessi og svara jafnframt fjölmörgum fróðlegum atriðum öðrum,“ segir hún.

„Í þessu sambandi eru vísitastubækur lútersku biskupanna, einkum Brynjólfs Sveinssonar, mjög mikilvægur,“ bendir Margaret á, „þar sem hann tók alla helstu fyrri máldaga sem hann náði í og skrifaði þá upp. Þar sem sumir þeirra eru ekki til lengur er Brynjólfur ákaflega traustur miðað við aðrar fyrirliðgjandi heimildir. Það væri raunar verðugt verkefni að fá einhvern til að gefa út vísitastubækur Brynjólfs. Þessar gömlu heimildir gefa mikilvægur upplýsingar t.d. um kirkjueignir, sóknarmörk og grafreiti til forna og þær upplýsingar verða einnig að finna í grunninum.“

Gagnagrunnur í tengslum við önnur verkefni

„Síðustu árin hef ég verið að tala við fræðimenn og aðra á Íslandi til þess að finna út hvaða efni úr máldögum þeir hafi áhuga á og hvernig hægt verði að tengja minn grunn við aðra, t.d. SARP Þjóðminjasafnsins og ÍSLEIF Fornleifastofnunarinnar.“ Grunnurinn mun líka gagnast menningartengdri ferðaþjónustu. Ferðamenn og aðrir gætu þá án minnstu vandkvæða flett upp ítarlegum og skemmtilegum upplýsingum um kirkjur sem þeir heimsækja eða hvaða dýrlingar tengjast staðnum. „Gagnagrunnurinn myndi vera traustur landfræðilegu upplýsingakerfi, efni úr rituðum heimildum verður tengt honum, frásagnir yrðu settar í samhengi við tímapróun kirkjunnar á smærri og stærri svæðum o.s.frv.“

Í haust er áformaður viðamikill fundur hjá TASC-hópinum og kveðst Margaret ætla að nota það tækifæri til að ræða við meðlimi hans um hvaða leið sé best til að móta gagnagrunninn fyrir Ísland. „Ég hef safnað efni undanfarin misseri, upprunalega til að hugsa þetta sem gagnagrunn um dýrlinga en nú er það ætlað fyrir kirkjur almennt, t.d. mun verða hægt að finna út hversu stór kirkjan var, hvort bænahús tilheyrði henni og fleira í þeim dúr. Það er einnig merkilegt að TASC getur stuðst við hugbúnað sem heitir



„Dýrlingar eru afar mikilvægur þáttur í íslensku menningarlífi og kirkjusögu fram á 17. og 18. öld,“ segir Margaret Cormack.

Hún hefur ekki látið sitja við orðin tóm í þessum efnunum og árið 1994 beindi hún sjónum að dýrlingaátrúnaði á Íslandi fyrstu 400 árin frá kristnitöku í bók sinni, *The Saints in Iceland: Their Veneration from the Conversion to 1400*. Hún vinnur nú að framhaldi þess verks, „The Saints in Iceland: 1400 to the Present“, og hyggst setja gögn úr báðum ritum í áður nefndan gagnagrunn. Lesandi gæti þá flett upp á hvaða dýrlingi sem hann kærir sig um og fengið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu, eðli og einkenni dýrkunar hans.

TIMELINE og það þýðir að hægt er að tíma-setja efnið og fylgjast með þróun atburða í íslensku kirkjunni frá 1200 til nútímans. Þetta gæti orðið mjög spennandi. Gagnagrunnurinn getur einnig tengst margvíslegum öðrum gagnagrunnum sem búið er að koma upp erlendis og opnað þannig ótal dyr bæði fyrir þessar rannsóknir og aðrar,“ segir Margaret. Að endingu kveðst hún gera sér vonir um að ljúka þessu verkefni fyrir þann merka áfanga er haldið verður upp á 900 ára afmæli Hólastóls árið 2006.